

HLÍÐARVATN



Stangveiðifélagið Stakkavík
Stangveiðifélag Hafnarfjarðar • Stangveiðifélag Selfoss
Stangveiðifélagið Ármenn • Stangveiðifélagið Árblik

Veidileyfi í Hlíðarvatni


Alls eru leyfi fyrir fjórtán stangir í Hlíðarvatni. Flestar stangirnar, eða fimm, hefur Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar (SVH). Félagsheimili félagsins er að Flatahrauni 29 í Hafnarfirði. Ármenn er næstir í stangarfjölda með þrjár stangir. Félagsheimili þeirra er í Dugguvogi 13 í Reykjavík.

Þrjú önnur félög hafa leyfi fyrir stöngum í vatninu og er stangarfjöldi þeirra hinn sami, þ.e. tvær stangir hjá hverju félagi. Stangaveiðifélagið Árblik er í Þorlákshöfn og Stangaveiðifélag Selfoss er til heimilis á Selfossi eins og nafnið gefur til kynna. Stangveiðifélagið Stakkavík hefur haft vatnið á leigu frá því að félagið var stofnað í þeim tilgangi árið 1978.

Leyfilegt agn í vatninu er fluga og spónn sem silungur eltir og tekur. Í vatninu er einnig áll og stöku lax sækir upp í vatnið. Þá hefur flundra gert sig heimakomna hin síðari ár. Þessa fiska má einnig veiða. Ekki er heimilt að veiða á lifandi agn eða beitu. Veiði er einungis heimil frá landi. Þó er heimilt að nota flotbát (belly boat) við veiðar.

Veidifélögin hafa úthlutað leyfum til félaga sinna fyrir hvert veiðitímabil. Þau leyfi, sem hafa ekki gengið út, hafa félögin boðið til sölu á vefnum www.leyfi.is. Hver sem er getur keypt leyfi til veiða í vatninu á þeim vef eftir því sem framboð leyfir. Stundum fylgja afnot og gisting í húsum félaganna með í veiðileyfinu en ekki alltaf.

Hús félaganna við vatnið eru þessi:



Efnisyfirlit

Forsíða: Loftmynd af Réttarnesi og Botnavík.....	1
Veiðileyfi í Hlíðarvatni.....	2
Efnisyfirlit	3
Hlíðarvatn í Selvogi <i>eftir Árna Árnason</i>	4
Sumarið birtist í Selvoginum <i>eftir Einar Fal Ingólfsson</i>	13
Kort af Hlíðarvatni	16
Helstu veiðistaðir við Hlíðarvatn <i>eftir Ragnar Hólm Ragnarsson</i>	18
Fengsælar flugur í Hlíðarvatni <i>hnýttar af Engilbert Jensen</i>	26
Haustar í Selvoginum <i>eftir Ragnar Hólm Ragnarsson</i>	28
Strandarkirkja	30
Kort af Hlíðarvatni	32

Fjórar greinar í bæklingnum hafa birst á prenti áður að stofni til. Greinar Ragnars Hólms birtust í bók hans *Fiskar og menn* sem kom út árið 2003. Grein Einaris Fals birtist í *Sunnudagsmogganum* 15. maí 2011 og grein Árna í fréttabréfi *Ármanna Áróði* í mars 2009.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Árni Árnason
Útgefandi: Stangveiðifélagið Stakkavík © 2012
ISBN: 978-9979-72-143-7
Upplag: 2200 eintök

Höfundar mynda: Myndir á bls. 2, 5, 26, 27, 28 og 29 eru eftir Árna Árnason, mynd á bls. 7 tók Ásgeir Guðbjartsson, mynd á bls. 11 tók Einar Helgason, en aðrar myndir eru eftir Rafn Hafnfjörð.

Loftmynd af Hlíðarvatni á baksíðu og miðopnu er birt með leyfi Landmælinga Íslands (leyfi V201205006). Vignir B. Árnason færði inn heiti veiðistaða.

Hlíðarvatn í Selvogi

Árni Árnason

Hlíðarvatn í Selvogi er eitt gjöfulasta vatn til bleikjuveiði á landinu. Vatnið er 332 hektarar að flatarmáli eða 3,3 ferkílómetrar. Það er fremur grunnt og meðaldýpi þess er um 2,9 metrar. Mesta dýpi er fimm metrar samkvæmt mælingum í apríl 1964 (18). Afrennsli úr vatninu er Vogsós (13) en ekkert sjáanlegt yfirborðsvatn rennur í vatnið. Af rúmmáli vatnsins og afrennsli má ráða að það endurnýjar sig á tæpum 39 sólarhringum (16). Hins vegar eru vatnsleysur víða í vatninu sjálfu og skapa kjöraðstæður fyrir bleikjuna og hrygningu hennar. Sumar heimildir geta þess að flóðs og fjöru gæti í vatninu en það er ekki rétt að sögn heimamanna. Að vísu hækkar í ósnum við flóð en sjór gengur ekki upp í vatnið reglulega. Hlíðarvatn er ekki nægilega salt til þess að kallast ísalt en saltstyrkurinn er þó fimmfaldur í samanburði við önnur fersk lindarvötn (14) enda fýkur saltur sjór yfir eiðið í stórstraumi og sterkri hafátt.

Vatnið er mjög frjósamt. Til marks um það gengur bleikjan ekki til sjávar þótt hún eigi greiða leið þar sem rennur úr vatninu um Vogsós. Á seinni árum hefur flundra tekið að sækja í vatnið til ætisöflunar. Einnig hefur lax villst í vatnið svo og regnbogasilungur. Kvað svo rammt að þessu, þegar laxeldi var við Vestmannaeyjar, að Stangveiðifélagið Stakkavík sótti um það til landbúnaðarráðuneytisins, 30. maí 1996, að fá að koma fyrir gildru í ósnum til þess að varna því að lax villtist upp í vatnið (19). Talið var að laxinn spillti hrygningu í vatninu. Gildrunni var komið fyrir. Samsetning aflans í gildruna ári síðar frá maí til og með september er athyglisverð. Þá veiddust 127 laxar í gildruna en einungis í mánuðunum ágúst og september. Sjö regnbogasilungar veiddust, einnig í sömu mánuðum. Einungis 12 bleikjur veiddust og dreifðist sá litli aflí nokkuð jafnt á alla fimm mánuðina. Ein bleikja veiddist í maí og mest fjórar í júlí sem sýnir að bleikjan er ekki mikið á ferðinni milli vatns og sjávar (19).



Strandarkirkja

Hlíðarvatn er í eigu Strandarkirkju en kirkjan á jarðirnar fjórar sem umlykja vatnið. Þetta eru eyðijarðirnar Hlíð og Stakkavík svo og jarðirnar Vogsósar I og II þar sem búskapur er stundaður. Myndin hér á síðunni er af Strandarkirkju og er horft til kirkjunnar yfir vatnið. Vogsósar II er nýbýli sem stofnað var árið 1954 á helmingi jarðarinnar Vogsósa. Þar búa nú Þórarinn Snorrason og kona hans, Jóhanna. Sonur þeirra, Snorri Óskar, býr á Vogsósum I (19, 22). Af öðrum ábúendum á Vogsósum fyrr á árum má nefna séra Eirík Magnússon (1667-1716) sem talinn var rammgöldróttur og sagt er frá í þjóðsögum Jóns Árnasonar (7). Menn trúðu því að Eiríkur hefði magnað fisk í Hlíðarvatn en aðrir þakka Strandarkirkju aflasældina (11). Náttúruleg skilyrði í vatninu skemma vafalaust heldur ekki fyrir. Jörðin Hlíð hefur verið í eyði frá árinu 1906 en síðasti ábúandi á jörðinni Stakkavík flutti þaðan árið 1943. Þá var jörðin leigð út til Kjartans Sveinssonar skjalavarðar (1901-1977) og hafði hann jörðina á leigu og seldi veiðirétt í vatninu uns hann lést á árinu 1977 (19). Áhugi var á því í sveitarfélaginu að koma jörðinni aftur í ábúð en þær tilraunir urðu að engu. Úr varð málarekstur sem endaði fyrir Hæstarétti í árslok 1954 (6).

Það var Páll Hallgrímsson, þá sýslumaður Árnesinga og umsjónarmaður með eignum Strandarkirkju, sem beitti sér fyrir því árið 1978 að stofnaður var félagsskapur, Stangveiðifélagið Stakkavík, í þeim tilgangi að hafa umsjón með vatninu og leigu á veiði í Hlíðarvatni. Félaginu var ekki ætlað að skila hagnaði og skyldi öllum arði af starfsemi þess varið í þágu vatnsins og Strandarkirkju. Páll kvaddi til ellefu manns til þess að mynda félagið. Tveir komu frá Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar, tveir frá Stangaveiðifélaginu Ármönnum, þrír frá Selfossi, tveir voru búandi í héraði, annar í Ölfusi og hinn í Selvogi, sá tíundi var valinn vegna

þekkingar á fiskeldi en sá ellefti átti að annast endurskoðun á fjárhag félagsins. Leigusamningur við félagið var gerður hinn 7. febrúar 1978 til tíu ára. Hann var framlengdur nokkrum sinnum, fyrst af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og síðar af biskupsstofu (19).

Núverandi samningur við Stangveiðifélagið Stakkavík var gerður fyrir hönd Kirkjuráðs 9. apríl 2003 og gildir hann út árið 2013. Samningurinn er um leigu á eyðijörðunum Hlíð og Stakkavík. Samhliða var gerður samningur við Vogsósabændur um leigu á veiðirétti þeirra jarða til sama tíma. Stakkavíkurfélagið hefur samhliða gert samninga við samstarfsfélög sín og eru þeir samningar til sama tíma. Öll stangveiðifélögin greiða sömu leigu á stangardag fyrir veiði í vatninu. Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar hefur fimm stangir í vatninu, Ármenn þrjár, Árblik í Þorlákshöfn tvær, Stangaveiðifélag Selfoss tvær og Stangveiðifélagið Stakkavík einnig tvær. Alls eru því 14 stangir í vatninu. Veiðitíminn er frá 1. maí til loka september en félögin geta nýtt aprílmánuð og fyrstu tíu daga októbermánaðar til veiða án endurgjalds. Þessi tími er hugsaður til hagsbóta fyrir félögin vilji þau fá féлага sína til vinnu við veiðihúsin eða önnur verkefni við vatnið (19). Sú sérstaka hefð hefur skapast að á hverju vori, síðustu helgina í apríl, hafa félögin tekið höndum saman og gengið strandlengjuna og hreinsað allt rusl við vatnið.

Af merkustu framkvæmdum Stangveiðifélagsins Stakkavíkur má tvímælalaust nefna framkvæmdir við sjóvarnargarð á Víðisandi. Félagið stóð í tvígang fyrir endurbótum á garðinum, seinast á árinu 1996. Félagið hélt svo áfram uppgræðslu til þess að binda jarðveg og verja þannig vatnið. Upphaf þessa verks má rekja til ársins 1990 þegar Stangveiðifélagið Stakkavík fékk Jón Jónsson jarðfræðing til þess að gera tillögur um leiðir til varnar því að sjór flæddi inn í vatnið og örlög þess yrðu þau sömu og Herdísarvíkur sem er næsta jörð við Stakkavík. Í Herdísarvík var á árum áður mikill apalgrýtisgrandi framan við tjörnina sem þar var. Hann mun hafa horfið laust eftir árið 1984 og varð tjörninn þá að hafsvík (19). Áður hafði bleikjuveiði verið í Tjörninni í Herdísarvík. Gils Guðmundsson segir svo frá í bók sinni *Væringinn mikli* að Hlín Johnson, kona Einars Benediktssonar, hafi stundað silungsveiði í Tjörninni sem þá var í túninu í Herdísarvík (3). Ótti manna var að Hlíðarvatni biðu sömu örlög enda gekk spá Jóns út á það að vatnið hyrfi á næstu 60 árum ef ekkert yrði að gert.

Vegna þessara framkvæmda hefur sú spá ekki ræst. Nýr Suðurstrandarvegur, sem nú liggur um Víðisand, tryggir vonandi endanlega að sjó verði haldið frá vatninu.

Frá aldamótum hefur veiðin í Hlíðarvatni verið á bilinu 1.480 til 3.880 fiskar á ári skv. árlegri samantekt Veiðimálastofnunar (20). Á árinu 2010 voru bókaðar 2,653 bleikjur en 1,570 árið 2011 (19). Það sem ræður aflanum er að öllum líkindum sókn og veðurfar. Kalt vor, eins og var 2011, getur t.d. seinkað því að mýflugan komi upp. Fiskurinn leitar þá seinna upp á grynningar og heldur sig á öðrum fæðuslóðum. Fréttir af rólegri vorveiði hafa síðan áhrif á sókn veiðimanna. Minni sókn leiðir til minni veiði. Það gildir enn að þeir fiska sem róa.

Fiskurinn í vatninu hefur farið stækkanandi hin síðari ár. Það bendir til þess að vatnið sé ekki ofsetið og fiskurinn hafi nægt æti. Stærsti fiskur, sem ég hef veitt í vatninu, var 59 sm hængur, 2,3 kg að þyngd sem tók flugu sem heitir Alma Rún af stærð nr. 10 hinn 1. október 2006. Margir hafa veitt jafnstóra fiska og jafnvel enn stærri hin síðari ár. Ríkharður Hjálmarsson veiddi t.d. 3,4 kg bleikju í maí 2008 sem þá var talinn stærsti fiskur úr vatninu sem veiddur er á flugu (1) þar til Omar Awad bætti um betur og landaði 3,5 kg bleikju úr vatninu sama sumarið (9). Á árinu 1965 fékk Sveinn Björnsson álíka stóra bleikju úr vatninu. Var hún sjö pund og veidd á spón (16). Í maí árið 2004 veiddi Róbert Rósmann sex punda bleikju (5) og Sigursteinn Húbertsson fékk bleikju sömu stærðar á árinu 1997 (12).

Ásgeir Guðbjartsson fékk að renna í vatnið við annan mann hinn 12. september 2008 ef enginn væri þar við veiðar. Engir veiðimenn voru sjáanlegir, eins og er orðið algengara vegna lélegrar sóknar í september, svo að hann reyndi fyrir sér á Mölinni. Fékk hann þar væna bleikju sem reyndist 4,4 kg slægð og heimkomin. Meðfylgjandi mynd er af bleikjunni sem tók



Bleikja Ásgeirs

litla Watson's Fancy tvíkrækju sem hnýtt var af Friðbergi Guðmundssyni (1919-1987). Ásgeir hefur áður veitt átta punda hrygnu í vatninu, aðra sjö punda og þá fjórðu 6 punda. Einnig hefur hann veitt lax í Hlíðarvatni svo og regnbogasilung. Bleikja Ásgeirs er, mér vitanlega, sú stærsta sem veiðst hefur í vatninu. Sögunni fylgdi að hún væri 36 sm en líklega var tommustokknum haldið öfugt. Hún hefur sennilega verið nálægt 80 sm og yfir tíu pund óslægð (21).

Telja má líklegt að sókn ráði miklu um afla á hverju sumri úr vatninu. Veiðileyfi hafa verið ódýr, þótt þau séu eftirsótt, sérstaklega fyrri hluta sumars. Annríki í atvinnulífi og vont veður hefur e.t.v. stundum orðið þess valdandi að menn hafa ekki nýtt leyfi sín. Ég hef iðulega verið einn við vatnið á liðnum uppgangsárum þó að ekkert væri að veðri. Sérstaklega er áberandi að veiði í september hefur fallið mjög niður vegna lítillar sóknar. Á vorfagnaði Ármanna hinn 14. apríl 2012 voru t.d. allir stangardagarnir í september óseldir. Þó er þessi tími oft ágætur til veiði en þá gengur bleikjan í torfum með ströndinni. Bestu dagsveiðina hef ég fengið í september. Þótt hrygningarfiskurinn taki ekki alltaf vel er geldfiskur í ætisleit innan um sem oft tekur vel.

Á vorin er oft besta veiðin í vatninu að vestanverðu. Þar er sandbotn og víða grunnt þannig að vatnið hitnar þar fyrst. Þegar svartur sandurinn hitnar fer mýið af stað og bleikjan sækir í púpurnar sem leita til yfirborðsins. Veiðistaðir eins og Stakkavík (ranglega kölluð Botnavík í Stangveiðihandbókinni (18), Mosatangi, Flathólmi, Guðrúnarvík og Gunnutangi gefast þá vel. Þessir veiðistaðir geta einnig gefið vel í vestanátt en yfirleitt virðist gefast betur að veiða undan vindi við vatnið þar sem aldan er minni vegna skjóls frá landi. Hlíðarey, Réttin og svæðið þar í nánd er annar hluti vatnsins þar sem aðstæður eru svipaðar. Á þeim stöðum ætti að reyna snemma vors og yfir sumarið undan vindi. Þar er aðgrunnt og sandbotn víða.

Ein leið til þess að ákveða hvar skuli bera niður við veiðar er að fylgjast með himbrímanum. Hann er flinkur við silungsveiðar og veit hvar fisk er að finna. Annars er það svo að viðvera veiðimanna í húsum félaganna virðist ráða töluverðu um það hvar menn reyna fyrir sér. Þannig er veiði Hafnfirðinga áberandi út frá Hjalltanga og Hlíðarey þótt þeir

af einhverjum ástæðum gleymi stundum Mölinni (Bununni) sem er oft afar góður veiðistaður, steinsnar frá húsi þeirra. Stakkavíkurmenn sækja sennilega meira í Gömluvör og á Stöðulnefið en aðrir. Ármenn veiða meira í Botnavík, Réttarnesi, Skollapollum, Austurnesi og Kaldós enda stendur hús þeirra fyrir botni Botnavíkur. Hús Árbliks er þar einnig þannig að eðlilegt er að margir sækji í Botnavíkina (19). Hún er oft gjöfull veiðistaður og fisk getur verið að finna frá bakkanum alla vikina, síst þó þegar mikil alda gengur beint inn í hana. Menn mega þó ekki gleyma öðrum stöðum. Þar má t.d. nefna Innranef og Urðarvík í vestanátt. Erfiðara er að komast niður að Urðarnefinu en þar má einnig oft fá góða veiði. Mikilvægast er að leita fyrir sér. Bleikjan færir sig til eftir fæðuframboði, veðri og vindum. Besta ráðið er þess vegna: Leitið og þér munuð finna. Á loftmyndinni af Hlíðarvatni, sem er að finna á baksíðu og miðopnu, eru sýndir helstu veiðstaðir. Merkingarnar voru færðar inn af Vigni B. Árnasyni. Hann hefur lengi veitt í vatninu og þekkir vel til aðstæðna.

Framboð á fæðu gefur veiðimönnum ákveðnar vísbendingar um agn sem rétt er að beita vilji þeir líkja eftir lífríkinu. Veiði á maðk og annað lifandi agn er að vísu ekki leyfð í vatninu heldur einungis veiði á spón og flugu. Mepps-spónn, silfraður, hefur reynst mörgum ágætlega en flestir beita flugunni. Flugan má þó líkjast hornsíli en þau eru stór hluti fæðu stærri fiskanna (15). Á vorin eru vatnabobbar (*Lymnaea peregra*) ríkjandi í fæðunni og þeir virðast vera sú magafylli sem bleikjan tekur með sér úr djúpinu upp á grynningarnar þegar mýflugan fer að klekjast út. Púpur rykmýsins (*Chironomidae*) eru ríkjandi í fæðunni allan veiðitímann eins og rannsóknir sýna (15). Stundum má sjá þykkt lag af púpuhýði í flæðarmálinu. Þá má einnig í logni stundum sjá fjölda rykmýsstrokka með ströndinni. Mýið er af öllum stærðum, frá minnsta rykmýi til stóru-toppflug. Viðgangur rykmýsins er misjafn milli ára en að sögn ábúenda á Vogsósum var viðkoman slík sumarið 2010 og langt fram á haust að oft var erfitt að fara milli húsa (22). Veiðin var einnig góð það sumarið.

Lirfa rykmýsins er áhugaverð, sérstaklega sú rauða, blóðormurinn, sem er algengasta tegundin í Hlíðarvatni. Rauða litarefnið í blóðinu, hemoglóbín, gefur lirfunni rauða litinn og gerir henni kleift að lifa þótt súrefni sé takmarkað (15). Lirfan getur orðið allt að 20 mm löng (4). Hún

lifir í leðjubotni þar sem súrefni er af skornum skammti. Blóðormseftirlíkingar reynast þess vegna vel svo og flugur með rauðu í svo sem Watson's Fancy-púpan, Copper John, Hlíðarvatnspúpan og flugan Krókurinn eftir Gylfa Kristjánsson (1948-2007). Sterk eftirlíking af mýflugupúpu er Toppflugupúpa Engilberts Jensen. Hún og aðrar svipaðar útgáfur geta einnig gefið vel og oft þeim mun betur eftir því sem þær eru smærri. Takan verður þá stundum naum en fiskurinn getur verið vænn.

Góð leið til þess að kanna lífríkið er að velta við steinum í fjörunni. Undir steinum má iðulega sjá þrenns konar lífverur: (1) Vatnabobba, (2) ferskvatnsfló (*Gammarus pulex*) en hún líkist marflónni (*Gammarus duebeni*) og (3) lítil sandhylki, híbýli lifru vorflugunnar (*Trichoptera*). Ýmsar eftirlíkingar eru til af þessum híbýlum, þar sem lifran gægist út, en þekktasta útgáfan hér á landi er flugan Peacock sem eignuð er Kolbeini Grímssyni (1921-2006), frænda mínum (8). Menn virðast hnýta þessa flugu með ýmsum hætti þótt helsta hnýtingarefnið sé það sama, fanir úr stélfjöðrum páfuglsins (Peacock). Sjálfur hnýti ég þessa flugu á straumfluguöngul, t.d. Kamasan B800, stærð nr. 10. Flugur sumra eru eins og smávindill en náttúrulega útgáfan er sívalningur litlu meira en millimetri í þvermál. Það kann því að vera að sumir fiskar taki Peacock fluguna í misgáningi og haldi hana lifru hrossaflugu eða vatnskött, lifru brunnskluðunnar. Peacock hefur verið ein aflahæsta flugan í Hlíðarvatni til margra ára en árið 2008 hafði Krókurinn hans Gylfa vinninginn hjá Ármönnum og Peacock var í öðru sæti. Í aflatölum Stangaveiðfélags Hafnarfjarðar hafði Peacock hins vegar vinninginn afgerandi árið 2008. Ný fluga, Alma Rún, hefur rutt sér til rúms hin síðari ár (19). Hún minnir silunginn e.t.v. einnig á hús vorflugunnar þótt fiskar séu ekki taldir minnugir.

Þótt lifra vorflugunnar fari á vergang í öldurótinu og verði bleikjunni að bráð þegar hvesir er púpa vorflugunnar mun reglulegar á matseðlinum. Tvær tegundir vorflugupúpa hafa einkum greinst í fæðu bleikjunnar (*Apatania zonella* og *Limnephilus affinis*) (17). Samt virðast menn ekki reyna mikið eftirlíkingar af vorflugupúpunni eins og hún lítur út þegar hún leitar yfirborðsins. Reyndar eru ekki til neinar sérstaklega þekktar innlendar eftirlíkingar en benda má á góða grein í sumarhefti *Flyfishing & Tying Journal* 2006. Þar fjallar Jim Schollmeyer um veiðar með vorflugueftirlíkingum og birtir góðar myndir af frummyndum og eftirlíkingum (10).



Fyrirstaða

Þriðja lífveran undir steininum áður nefnda var ferskvatnsflóin. Hún hniprar sig saman þegar ljósið fellur á hana og hætta steðjar að. E.t.v. þess vegna vilja sumir gjarnan hnýta hana á Grubber-öngul sem sýnir slíkar útlínur og lögun. Þó má ekki gleymast að ferskvatnsrækjan réttir vel úr sér þegar hún syndir og liggur þá bein í vatninu. Þess vegna getur Black Pennell, hnýtt á öngul með beinum legg, verið ekki síðri eftirlíking. Ferskvatnsrækjan tekur á sig dökkann lit hraungrýtisins þar sem hún liggur undir steini og þannig lítur hún út syndandi í yfirborðinu. Heimildir um rannsóknir á lifríki Hlíðarvatns telja ferskvatnsflóna (*Gammarus pulex*) yfirleitt vera marfló (*Gammarus duebeni*) þótt sú tegund lifi í sjó og finnist yfirleitt ekki í fersku vatni. Ég veit ekki hvað er rétt í fræðum þessum en líklega þekkir bleikjan ekki muninn. Það er stærð agnsins, litur og lögun sem skiptir mestu máli. Vísindaleg nákvæmni er ekki alltaf nauðsynleg þegar líkt er eftir lifríkinu.

Heimildir:

Útgefnar heimildir:

- (1) Boltaleikjur úr Hlíðarvatni. (3. apríl 2008). *Flugufréttir*, 435. tbl.
- (2) Eiríkur St. Eiríksson. (2002). *Stangveiðihandbókin: Veiðiár og veiðivötn á Íslandi*. 1. bindi. Reykjavík, Skerpla.
- (3) Gils Guðmundsson. (1990). *Væringinn mikli: Ævi og örlög Einars Benediktssonar*. Reykjavík, Iðunn.
- (4) Helgi Hallgrímsson. (1979). *Veröldin í vatninu: Handbók um vatnalíf á Íslandi*. Reykjavík, Askur.
- (5) Hlíðarvatn: Stærsta bleikja í áratugi. (10. maí 2004). *Fréttablaðið*.
- (6) *Hæstaréttardómur*, nr. 10/1954.
- (7) Jón Árnason. (1862). *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. Leipzig, J.C. Hinrichs.
- (8) Lárus Karl Ingason og Loftur Atli Eiríksson. (2001). *Fluguveiðar á Íslandi*. Án útgáfustaðar, Muninn.
- (9) Omar Awad, viðtal. (2009). Stærstu fiskarnir veiðast alltaf á minnstu púpurnar. *Veiðmaðurinn*, 189. tbl., júlí, bls. 10 - 14.
- (10) Schollmeyer, Jim. (2006). Fishing a caddisfly hatch. *Flyfishing & Tying Journal*, 29. árg., 2. tbl., bls. 32-39.
- (11) Stefán Jónsson. (1969). *Röðskinna*. Reykjavík, Guðjón Ó.
- (12) *SVH 50 ára: Afmælisrit Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar 2001*. (2001). Hlíðarvatn – hvað er svona merkilegt við það?, bls. 26-33.
- (13) Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. (1981). *Landið þitt Ísland. 2. bindi, H-K*. Reykjavík, Örn og Örlygur.

Óutgefið efni: Skjöl, ritgerðir og rannsóknir:

- (14) Anna Heiða Ólafsdóttir o.fl. (1997). *Athugun á bleikju (Salvelinus alpinus) í Hlíðarvatni*. Reykjavík, Háskóli Íslands – líffræðiskor – vatnalíffræði.
- (15) Árni Kristmundsson o.fl. (1998). *Bleikja (Salvelinus alpinus) og botndýralíf í Hlíðarvatni*. Reykjavík, Háskóli Íslands – líffræðiskor – vatnalíffræði.
- (16) David Burgos o.fl. (1997). *Smádýralíf í Hlíðarvatni*. Reykjavík, Háskóli Íslands – líffræðiskor – vatnalíffræði.
- (17) Gisli Már Gíslason. (1984). Fæða bleikjunnar í Hlíðarvatni: [Athugun á fæðu bleikjunnar í Hlíðarvatni unnin að beiðni félaga í Ármönnum]. Reykjavík, Líffræðistofnun Háskólans.
- (18) *Hlíðarvatn, Selvogi*. (1964). Reykjavík, Orkustofnun – Vatnamælingar.
- (19) Skjalasafn Stangveiðifélagsins Stakkavíkur.
- (20) Veiðimálastofnun, heimasíða: www.veidimal.is

Munnlegar heimildir:

- (21) Ásgeir Guðbjartsson, Hafnarfirði.
- (22) Þórarinn Snorrason, Vogsósum.

Sumarið birtist í Selvoginum

Einar Falur Ingólfsson

Hvergi er betra að hitta á íslenskt sumar en við silungsvatn í rjómabliðu, þar sem farfuglar syngja margradða kór og tókuglaðar bleikjur skvetta sér í yfirborðinu.

Sumarið 2011 kom til mín klukkan tvö eftir hádegi á þriðjudaginn var (10. maí). Sumarið mitt mætir ekki í garðinn heima, þótt ég hafi verið búinn að bera á pallinn og klippa alla runna; nei sumarið kom til mín í Selvoginum.

Sjöunda árið í röð hélt ég til móts við sumarið suður í Selvog um þetta leyti, með stöng mína og flugur að kasta fyrir bleikju í Hlíðarvatni. Ég var búinn að hlakka lengi til þessa stefnumóts við bleikjurnar en ég reyni alltaf að eyða þar nokkrum dögum við veiðar yfir sumarið, stundum einn en oftar með fjölskyldu og vinum.

Þegar ég lagði í hann á mánudagskvöldið var ennþá vor og hryssingslegt veður við vatnið, stíf austanátt rótaði öldum upp á yfirborðinu. Á netinu hafði ég keypt veiðileyfi af Stangaveiðifélagi Hafnfirðinga, síðustu stöng af fimm sem það félag hefur til umráða, en þegar ég kom í veiðihúsið var þar ekki nokkur sála. Kannski vorið og vindurinn hafi haldið þeim frá. Ég leit í veiðibókina og sá að menn höfðu verið að slíta upp einn og einn fisk, stundum fleiri, en dreif mig svo út og brölti niður að Urðarnefi við vatnið norðanvert því þar var nokkurt skjól. Bleikjan í Hlíðarvatni er vön að safnast saman þar sem skjól er, það kemur sér vel fyrir veiðimenn. Ég setti hjólið á stöngina í fyrsta skipti á þessu vori, setti átta punda taum undir og á hann tvær flugur eins og ég er vanur í vatnaveiði. Dró út línu, kastaði, taldi hægt upp í tuttugu meðan öldurnar færðu flotlínuna til vesturs og byrjaði að draga inn. Dró og ekkert gerðist. Kastaði aftur, lét sökkva og dró – og þá tók hún. Lítil bleikja, sú fyrsta þetta sumarið. Eins og ég er vanur sleppti ég fyrsta fiski sumarsins og bað að heilsa systur hennar.

Þarna kastaði ég næsta hálf tímann og fékk tvær í viðbót, báðar litlar og sleppti þeim. Skömmu síðar fékk ég aftur töku en þessi bleikja lét öðruvísi en ég var vanur. Skyldi ég hafa húkkað í hana, hugsaði ég, meðan hún þumbaðist. Ég dró inn og dauðbrá þegar hausinn kom upp úr öldunni. Ekki var það falleg Hlíðarvatnsbleikja heldur ófrýnileg flundra, flatfiskurinn sem hefur gert innrás í ár og vötn landsins á síðustu árum, áþreifanleg sönnun um hlýnun jarðar. Flundruna drap ég argur og það var úr mér allur vindur, meðan austanáttin magnaðist upp.

Ég svaf einn í veiðihúsinu um nóttina og það hrikti í því.

Um morguninn bólaði ekki á sumrinu. Enn blés og það hvein í vindrellunni sem hlóð rafmagni á geyminn en ekkert heyrðist í fugli.

Ég hélt samt til veiða og reyndi víða; óð út í vatnið í Hlíðarey, við Urðarnef, við Austurneshólma, í Gömluvör og varð hvergi var nema í Skollapollum, en þar aumkaði ein bleikja sig yfir mig og tók, Krókinn vitaskuld.

Ég hafði verið að gjóa augunum á Réttarnefið utanvert, gamlan eftirlætisstað í vatninu, en öldurnar brotnuðu þannig á því að þar var vart viðlit að reyna. Rétt fyrir klukkan tvö tók þó að lægja og þá snaraði ég mér upp í bíl og ók út að Réttarnefi; um leið og ég steig út úr bílnum datt vindurinn niður, himbriminn tók að kalla og upp hófst margradda kór: æðarfuglar, hrossagaukar, endur, álfir og gæsir, maríuerlur skoppuðu í kringum mig og ég sá tvær veiðiflugur liggja á jörðinni fyrir mig. Lukkumerki! hugsaði ég og flýtti mér niður að vatninu sem kyrrðist hratt. Óð beint út á staðinn þar sem ég hafði tekið tvær stærstu bleikjur sem ég hef veitt í vatninu, dró út langa línu og kastaði. Ég var með langan taum og lét flugurnar sökkva vel, taldi að þessu sinni upp á 35, og byrjaði svo að draga rólega inn. Þá var rykkt í línuna og ég kippti á móti og lyfti stönginni. Smám saman náði ég inn línu en fiskurinn var þungur og lét illa, enda kom í ljós að ég var með tvær bleikjur á, þær höfðu tekið báðar flugurnar samtímis, og báðar voru vænar. Bleikjunum náði ég í háfinn, himbrimapar fylgdist með, fuglakórinn söng og sumarið var komið. Klukkan var tvö á þriðju-degi. Þvílík dýrð.

Og sumarið var bara rétt að byrja. Strax í næsta kasti var rífið aftur í og það var væn bleikja, sú þriðja stærsta sem ég hef veitt í mörgum ferðum í vatnið. Veislan hélt áfram; vatnið kraumaði af uppítökum og í logninu heyrðust veiðimenn annarsstaðar kalla upp fyrir sig, þeir voru líka í fiski.

Þegar vindurinn blés aftur upp rúmum tveimur tímum seinna voru tíu bleikjur á bakkanum og nokkrum hafði ég sleppt til að stækka og styrkja sig.

Svona birtist sumarið í Selvoginum.



Forarvíkshólmar / Stvf. Selfoss

© Landmælingar Íslands (leyfi V201205006).

Merking veiðistaða: Vignir B. Árnason





Helstu veiðistaðir við Hlíðarvatn

Ragnar Hólm Ragnarsson

Hlíðarvatn í Selvogi er án efa meðal vinsælustu og bestu veiðivatna landsins. Það er meðalstórt eða um 3,32 km² að flatarmáli og mesta mælda dýpi er um fimm metrar.

Hér á eftir ætlum við að fara frá austri til vesturs eftir strönd vatnsins, byrja austur við Rétt, sem svo er kölluð, og enda á töngunum í suðvestur horni vatnsins.

Leyfðar stangir í vatninu eru 14. Ármenn hafa þrjár til umráða, Stanga-veiðifélag Hafnarfjarðar fimm, Stangaveiðifélag Selfoss tvær, Stangveiðifélagið Stakkavík tvær og Stangaveiðifélagið Árblik í Þorlákshöfn tvær.

Veiðar í Hlíðarvatni eru margslungnar en einföld uppskrift gæti þó hljóðað svo:

Agn: Peacock.

Lína: *Intermediate*.

Veiðistaðir: Kaldós og Botnavík.

Bráð: Ljúffeng bleikja.

Þeir sem eru óþolinmóðir og eiga leyfi í vatninu geta rokið strax af stað með þessar einföldu upplýsingar en hinir lesa áfram.

Sérfræðingar í Hlíðarvatni eru eflaust jafnmargir og boltarnir sem vatnið geymir. Þar eru án vafa nokkrir tugir yfir sjö pund, hundruð yfir fimm og fiskar á bilinu 3-5 pund skipta þúsundum. Flestar bleikjurnar eru hins vegar um pundið. Undirritaður er eins og bleikja í miðflokknum. Það er í mér sæmilegur fengur þegar að Hlíðarvatni kemur. Ég veit ýmislegt en er þó alltaf tilbúinn að prófa eitthvað nýtt. Og ég læri eitthvað í hverri ferð. Þar af leiðandi skora ég á þá sem lesa þetta að taka það ekki of bókstaflega, nota það aðeins sem grunn að góðri veiðiferð og reyna síðan sjálfir eitthvað nýtt.

Áður en við byrjum veiðilýsinguna við Réttina er rétt að gera grein fyrir einu mikilvægu grundvallaratriði: Kastið undan vindi en festist ekki

á stöðum sem gáfu best síðast, jafnvel með storminn beint í fangið. Ég trúi því nefnilega að bleikjan leiti í skjólið, upp í vindinn þar sem aldan hefur ekki náð sér á strik. Ef ég ætla að gera góða hluti í Hlíðarvatni þá fylgist ég stundum með veðurlýsingum í 2-3 daga áður en ég fer. Segjum að það sé búin að vera stíf austanátt en síðan áttleysa þegar ég mæti á staðinn, þá byrja ég við Réttina. Ef það er búin að vera norðanátt dagana áður en ég á að fara að veiða þá fer ég á Mölina eða í Kaldós eða jafnvel í Skollapolla. Þótt áttin sé breytt daginn sem þú mætir til veiða þá gæti vel verið að bleikjan sé enn þar sem skjólgott var dagana áður. Málið er að kasta undan vindi – afar hentugt fyrir fluguveiðimenn.

Peacock er mjög vinsæl fluga hjá bleikjunum í Hlíðarvatni og vilja þær hafa hana í ýmsum stærðum, allt frá 10-14 gjarnan með kúluhaus. Aðrar vinsælar flugur sem geta gefið hörkuveiði einstaka daga eru til dæmis Dentist, Teal & Black, Zulu, Mobuto, Corixa, Connemara Black, Peter Ross og þurrflugur af ýmsu tagi. Þeir sem vilja vera öruggir með einhvern aflla treysta hins vegar mest á Peacock. Á öðrum stað í bæklingnum eru myndir af flugum sem gefið hafa vel í vatninu en veiðimenn ættu ekki að taka það sem endanlegan sannleik og einu flugurnar sem ber að reyna.

Hlíðarey

Í einföldustu forskriftinni hér að ofan skrifaði ég *Intermediate* og Peacock en við byrjum strax á því að brjóta regluna því við Réttina, og raunar víðar, er oft gott að nota flotlínu. Þar er tiltölulega grunnt og maður notar langan taum, dregur hægt og bíður. Áætlun okkar um yfirferð frá austri til vesturs býður okkur að byrja úti í Hlíðarey. Þá er gengið til suðurs frá réttinni með vatninu og vaðinn grunnur sandfláki út í eyna. Þarna hef ég sjaldan lent í mokstri en þó er alltaf von og ég veit að menn hafa lent í torfum. Galdurinn er að finna tókustaðinn en hann getur verið breytilegur frá degi til dags. Gengið er með eyinni og reynt með nokkurra metra milli-bili, það er aldrei að vita. Helstu staðirnir eru e.t.v. við enda eyunnar þar sem kastað er í áttina að Hafnarfjarðarhúsinu, brúna húsinu með rauða þakinu undir hlíðinni.

Réttin

Þegar gengið er til baka í áttina að Réttinni, þar sem við lögðum bílnum, fara leyndardómarnir heldur að ágerast. Núna erum við að kasta á

skvompur í botninum þar sem skerir standa næstum upp úr á milli og talsverð hætta er á festum. Í norðri eða norðvestri frá réttinni sjálfri eru tveir hólmar rétt við landið. Oft gera álfarhjórn sér hreiður í stærri hólmanum sem nær okkur er og best er að láta þau í friði. Út af báðum hólmunum er mikil fiskivon. Það má vaða beint út í þann sem nær er, en ekki er vel fært úr honum yfir í hinn nema að taka land á milli. Hvort tveggja mjög góðir staðir og þá ekki síst í austanátt. Þetta eru þeir staðir sem menn ganga helst að við Réttina en vel er reynandi á öllum tögum og grynningum út af henni.



Í Girðingarvík og við Girðingarenda

Hjalltangi

Eins og áður sagði þá verður hér stiklað á stóru. Frá Réttinni yfir að Hjalltanga eru margir ágætir staðir, til dæmis Girðingarvík og Girðingarendi, svo og Kjóaklöppin við Selfossbústaðinn. Hægt væri að ganga í vesturátt að Vogsósum og veiða Bátstangann og Eystri Bátstangann og reyna Marknesið, Vogsósavör og Strákavík á leiðinni. Næsti viðkomustaður okkar er hins vegar í austurátt, Hjalltanginn. Þar hef ég oft lent í góðri veiði og þá ekki síst með því að kasta til suðurs eða suðausturs úr

honum að litlu skeri sem þar er. Við hólmann er víða nokkuð aðdjúpt og veiðilegt að sama skapi.

Mölin og Bunan

Fyrir framan Hafnarfjarðarhúsið er Mölin og teygir hún sig inn eftir Hlíðinni. Helsti staðurinn á Mölinni er niður undan gömlum húsatóftum sem þar eru og stundum liggur fiskurinn örlítið vestar, þar sem heitir Bunan. Sagt er að þar rétt undan landi á Mölinni spretti fram mikið vatn úr uppsprettum og því freistast sumir til að nota sökkklínur til að ná flugunni niður. *Intermediate* er í það minnsta gáfulegt að nota. Þó getur fiskurinn auðvitað tekið uppi við yfirborðið hér eins og annars staðar ef sá gállinn er á honum. Hér þarf ekki löng köst og kjósa sumir að vaða 2-3 metra út og kasta með marbakknum. Það er skynsamlegt af því að bleikjan er þar oft í hrönnum að tína upp kuðunga og annað góðgæti af grjótinu.

Urðarvík

Frá Mölinni og yfir í Urðarvík er lítið veitt. Urðarvíkin sjálf er ekki í miklu uppáhaldi hjá mér, nema ef vera skyldi á haustin. Þar geta safnast saman gríðarlegar torfur af bleikju þegar sumri hallar og er rétt að gefa þeim gætur. Sjást þá svartir flekkir úti á vatninu, oft skammt undan landi, þannig að maður trúir vart sínum eigin augum.

Innranef og Kaldós

Kaldósinn er einn vinsælasti staðurinn í vatninu og þar standa iðulega nokkrir veiðimenn við iðju sína. Þarna er einn aðalstaðurinn, Innranef, á dýpinu beint undan tanganum eða hólnum sem hæst ber, spölkorn frá Urðarvík. Við Innranef er töluvert dýpi. Fiskur gengur oft úr Urðarvík með Kleifarvöllum og með nefinu. Einnig kasta menn beint út með *Intermediate*-línu og telja gjarnan meðan línan sekkur. Auðvitað getur fiskurinn tekið í yfirborðinu en þegar það er fullreynt má byrja á því að telja upp að 20 meðan línan sekkur og draga síðan hægt í land. Reyna næst að telja upp að 30 o.s.frv. Bleikjan á það til að liggja djúpt þarna og oft er um vænan fisk að ræða. Sunnan nefnsins er Kaldósinn. Fiskur liggur þar oft í álnum og mjög nálægt landi.



Kaldós og Kaldóshólmar

Kaldóshólmar

Sunnan eða suðvestan við Kaldósinn eru Kaldóshólmar, lítil sker sem liggja í boga út í vatnið og flæðir á milli þeirra. Þarna rétt undan eru oft góðir fiskar í æti á grunnu vatni. Hér myndi ég mæla með flotlínu og hægum drætti. Hægt er að bröлта út eftir skerjunum og vaða töluvert lengra á grynningum. Þar tekur síðan við dýpi þar sem einnig getur leynst fiskur.

Djúpanef

Frá Kaldóshólum er smáspöluur að Djúpanefi. Eins og nafnið gefur kannski til kynna er þarna djúpt við landið og þarf varla að leiðbeina mönnum. Kastið út á dýpið, byrjið að veiða ofarlega eins og í Kaldósnum, en síðan dýpra. Hér geta menn nælt í boltafiska.

Austurnes

Mér finnst Austurnes hafa daprast sem veiðistaður á síðari árum. Kasta má af því til allra átta en aðalveiðistaðir eru líklega beint fram undan nesinu og vestan við það inn víkina. Totan norður af Austurnesi fyllist oft af silungi þegar líður að hausti.

Skollapollar

Nú erum við komin yfir í Botnavík. Þetta er vik inn úr vatninu sem geymir yfirleitt mikið magn af fiski og marga skemmtilega veiðistaði. Við byrjum í Skollapollum sem sumir kalla raunar Skollabolla. Syðst í þeim er hægt að vaða út frá litlum skerjum og veiða mikið grunn sem liggur norðvestur inn Botnavík, beint á móti Réttarnesi. Þarna getur verið töluvert magn af fiski og við góð skilyrði má standa á grunninu með vatn upp undir mitti og veiða allt í kringum sig.

Skollapollarnir sjálfir eru dulúðugur veiðistaður sem getur geymt fiska alveg upp við land. Þetta er misdjúpt svæði þar sem fiskurinn liggur gjarnan í bollunum en étur ef til vill kuðunga og annað æti af grjótgrynn-
ingum.

Réttarnes

Öll Botnavík getur verið einn samfelldur veiðistaður og skynsamlegt er að reyna fluguna með stuttu millibili af bakkanum þegar gengið er frá Austurnesi að Réttarnesi (einnig er hægt að keyra út á Réttarnesið eftir veginum að húsi Stakkavíkurfélagsins). Sérstaklega er spennandi að reyna fyrir sér á grunninu sem gengur út í vatnið fyrir enda víkurinnar og eins undir bakkanum þegar nálgast er Réttarnesið sjálft. Grunnið við Réttarnes getur verið krökkt af bleikju og þar lenda menn stundum í sannkallaðri veislu. Hins vegar getur það verið steindautt inn á milli og þá borgar sig að staldra ekki lengi við. Hér veiða menn gjarnan með flotlínu og draga hægt.

Gamlavör

Við bakkann frá Réttarnesi að Gömluvör er mjög aðdjúpt víða en engir afgerandi veiðistaðir merktir á kort, fyrir utan Stöðulnefið, enda er bleikjan oftast ekki í tökustuðinu þegar hún er komin upp á grunn en liggur ef til vill frekar á meltunni á mjög djúpu vatni. Þegar komið er að Gömluvör ber að fara varlega því þarna getur fiskurinn verið mjög nálægt landi og styggur er hann. Gott er að standa innst í vörinni og kasta út með austurtanganum. Lengra til vesturs í Gömluvör er veiðilegt mjög en takan yfirleitt dræm.



Botnavík horft til Réttarness

Stakkavík

Hér byrja menn gjarnan á vorin en veiðistaðurinn verður slakari eftir því sem líður á sumarið, enda fyllist hér allt af gróðri sem erfitt er að draga fluguna í gegnum. Pollurinn beint niður undan gamla Stakkavíkurbæjarstæðinu er gjöffull veiðistaður en fremur grunnur og best að nota flotlínu. Gengið er niður troðning að vatninu og síðan haldið aðeins út með til suðvesturs. Þar er hægt að vaða út á sandfláka og kasta í pollinn sjálfan. Vaðið er í boga inn Stakkavík í áttina að steini sem stendur upp úr vatninu hinum megin við pollinn. Varla verður komist lengra en upp á grjótið þar. Alls staðar í Stakkavík, milli grynninga og uppi á þeim, getur leynst fiskur, einkum snemmsumars, og er hægt að vaða þar víða um.

Mosatangi

Næsti eiginlegi veiðistaður er Mosatangi, hinum megin í vikinni. Best er að keyra að honum niður á eiðið og er þá farinn næsti slóði vestan við veginn niður að Stakkavík. Bílnum er lagt þar sem vegarslóðinn endar í hring þar sem leggja má bílnum skammt frá girðingu sem þarna er. Gengið er sem leið liggur niður á Mosatanga sem er vestan megin við girðinguna, eiginlega innst í Stakkavík. Þarna getur oft legið stór fiskur en eins og annars staðar í Stakkavík þá myndast þarna miklar gróðurbreiður í vatninu þegar líður á sumar og gerir það veiðimönnum oft erfitt fyrir.

Flathólmi, Guðrúnarvík og Gunnutangi.

Þessir staðir geta gefið mjög vel snemma á vorin. Þarna er sandbotn, sem sólin hitar fljótt. Stór fiskur gengur þarna snemma upp á vorin í ætisleit þegar mýið er að klekjast út. Einnig er rétt að mæla með þessum stöðum í vestanátt allt sumarið. Hér myndast víða skjól undir háum bakkanum og rétt að reyna þessa staði við þær aðstæður. Ef varlega er farið má stundum sjá fisk af háum bakkanum og kasta til hans með góðum árangri.

Þá er lokið stuttri yfirferð um helstu veiðistaði við Hlíðarvatn í Selvogi. Ég vil brýna fyrir veiðimönnum að ganga vel um og skilja ekkert eftir sig nema sporin sín. Girniflækjur, gosdrykkjaumbúðir og annað drasl á ekki að sjást á bökkum Hlíðarvatns. Girni getur skorið sauðfé illilega á fæti ef það festist í slíkum flækjum. Þá leggja veiðifélögin metnað sinn í að allt umhverfi vatnsins sé laust við óþarfa rusl. Á hverju vori ganga félagar þeirra alla strandlengjuna og hirða upp allt rusl sem fokið hefur að yfir veturinn. Veiðmenn mega gjarnan leggja þessu verkefni lið yfir sumarið með góðri umgengni og hirðusemi.

Notið ímyndunaraflíð og reynið eitthvað nýtt. Enginn skyldi fara eftir þessum leiðbeiningum mínum í blindni en ég vona hins vegar að þær geti orðið grunnur að ánægjulegri veiðiferð. Góða skemmtun!




Áltir við hreiður

Fengsælar flugur í Hlíðarvatni



Alder



Alma Rún



Black Gnat



Butcher



Engjaflugan



Héraeyra



Herdís



Killer



Krókurinn



Mobuto



Peacock



Peter Ross



Pheasant Tail



Tailor



Toppflugan



Watson's Fancy púpa

Haustar í Selvoginum

Ragnar Hólm Ragnarsson

Það er margt skrytið í kýrhausnum og ekki síður í veiðiskapnum. Ég hélt að þessari vertíð væri lokið þegar ég átti óvænt kost á að skjótast í Hlíðarvatn í byrjun október árið 1999. Eins og svo oft áður hafði verið ákveðið að framlengja veiðina þar um hálfan mánuð og mér höfðu borist til eyrna sögur af mikilli veiði. Ákveðið var að renna suður eftir og kanna málið.

Rétt er að taka fram, áður en lengra er haldið, að félagi Kolbeinn Grímsson hafði verið óþreytandi við að segja mér sögur af ótrúlegri haustveiði í Hlíðarvatni hér á árum áður. Þá voru leyfin í september einna eftirsóttust og menn stóðu þétt saman undir hlíðinni, á Mólinni, við



Hjalltangann og í Urðarvíkinni, og mokuðu upp geldfiski.

Nokkrum sinnum á árum áður höfðum við Kolbeinn farið í Hlíðarvatn að hausti til að upplifa ævintýrið en alltaf farið tómhentir heim. Raunar hafa eldri menn haldið því fram að laxinn hafi spillt haustveiðinni og splundrað torfum sem í gamla daga lágu nærri landi á

haustmánuðum. Á árinu 1995 sá ég sjálfur nokkra laxa djöflast í lausu lofti í Urðarvíkinni í september. Þetta var kannski ein ástæðan fyrir því að girt var fyrir ósinn til að laxinn kæmist ekki í vatnið, enda eru þetta tæpast náttúruleg heimkynni hans.

Og þar sem haustveiðin hefur brugðist gjörsamlega á undanförnum árum hafa Ármenn verið latir við að sækja vatnið í september. Sókn hefur verið lítil og veiði þar af leiðandi líka. Mér segir svo hugur að þetta eigi eftir að breytast svo um munar.

Nú vorum við Kolbeinn sem sagt haustið 1999 lagðir af stað í Hlíðarvatn á köldum haustdegi ásamt Hannesi Jóhannssyni. Á leiðinni hlustaði ég

hæglátur á Kolbein segja Hannesi tröllasögur af haustveiðinni en ég verð að játa að eftir nokkrar fyluferðir undanfarin ár var ég fullur efasemda.

Þegar við komum loks á Innranef og horfðum út yfir vatnið var mér hins vegar öllum lokið. Ég varð agndofa og átti bággt með að trúá eigin augum. Annað eins hafði ég aldrei séð. Þarna rétt undan landi voru svartir flekkir af bleikju. Torfurnar voru að minnsta kosti þrjár og vel í kastfæri. Enda fór það svo að við fengum um 30 stykki og hefðum vel getað veitt miklu meira. En Ármenn eru hófsamir í veiði.

Auðvitað sagði Kolbeinn satt. Haustveiðin í Hlíðarvatni getur verið algjört ævintýri, eða eins og Kolbeinn orðaði það gjarnan sjálfur: „Þeir sögðu það gömlu mennirnir og þeir vissu nú hvað þeir sungu.“

Kolbeinn Grímsson lést árið 2006. Stefán Hjaltsted lét gera minningarskjöld um Kolbein. Skildinum var komið fyrir á Innranefi og snýr hann út að Urðarvík.



Urðarvík

Strandarkirkja



Strandarkirkja

Í Landnámu er þess getið að Þórir haustmyrkur hafi numið Selvog og Krýsuvík. Heggur sonur hans bjó að Vogu. Fyrsti ábúandi á Strönd, sem getið er um í heimildum, var hins vegar Dufgus Þorleifsson. Hann var dóttursonur Hvamms-Sturlu.

Strönd var í fjórar aldir (1300-1700) höfuðsetur Erlendunga, afkomenda Erlendar sterka Ólafssonar (d.1312). Sonur hans var Haukur lögmaður sem Hauksbók Landnámu er kennd við. Haukur bjó á Strönd fyrir og eftir aldamótin 1300. Alls munu átta ættliðir Erlendar sterka hafa búið á Strönd uns þetta höfuðból fór í eyði vegna uppblásturs og sandfoks árið 1696.

Ekki er vitað um upphaf kirkju á Strönd með neinni vissu. Í kirknatali Páls Jónssonar, sem var biskup í Skálholti 1195-1211, er getið um kirkju á Strönd. Kirknatalið er frá því um 1200.

Helgisögur eru til um tilurð kirkjunnar. Þær eiga það sammerkt að segja frá sjómönnum í hafvillum. Þeir voru að flytja húsavið til landsins. Héttu þeir á Guð sinn að nota húsaviðinn til kirkjusmiði kæmust þeir úr sjávarháskanum. Þá lægði sjó. Sáu þeir þá ljós frá landi. Náðu þeir landi um Strandarsund, sem er suður og austur af kirkjunni, og menn nefna Engilsvík.



Margar kirkjur hafa verið reistar á Strönd í aldanna rás. Ekki hafa þær allar verið timburkirkjur. Síðasta torfkirkjan var reist þar árið 1735. Núverandi kirkja var byggð upp og endurbætt sumarið 1967. Var hún klædd að innan vorið 1968. Endurvígsla kirkjunnar fór fram 14. júlí 1968. Enn var kirkjan endurvígð 13. október 1996 eftir miklar endurbætur þar sem kirkjan var í lit og klæðningu færð í upprunalegt horf.

Helgisögnin um upphaf Strandarkirkju hefur skapað henni sérstöðu til áheita. Mörgum hefur í nauð orðið hugsað til kirkjunnar. Kirkjunni hefur áskotnast fé til góðra verka vegna þessa. Biskupsstofa tekur á móti áheitum til kirkjunnar.

Jarðirnar umhverfis Hlíðarvatn í Selvogi, Vogsósar I og II, og eyðijarðirnar Hlíð og Stakkavík eru í eigu Strandarkirkju sem og vatnið. Sú hefð hefur skapast að stangveiðmenn sækja messu á hverju hausti í Strandarkirkju, veiðmannamessu, til þess að þakka fyrir veiðina og veru sína við vatnið.

Ofangreint er að mestu byggt á riti Magnúsar Guðjónssonar, *Strandarkirkja í Selvogi*, 3. útg. 2011.

